

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Vestmannaeyjum 11. júní 2018
UST201805-048/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - Kaldársel - bílastæði

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 8. maí 2018, vegna leyfis til framkvæmda innan náttúruvættisins Kaldárhraun og Gjárnar vegna lagningu bílastæðis.

Kaldárhraun og Gjárnar voru friðlýst sem náttúruvætti árið 2009, sbr. auglýsingu nr. 396/2009. Óheimilt er að raska jarðminjum á svæðinu og leyfi Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar þarf fyrir mannvirkjagerð.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða lagningu bílastæðis við Kaldársel/Kaldárbotna í samræmi við birt og samþykkt deiliskipulag. Staðsetning bílastæðana verður alveg við mörk hins friðlýsta svæðis vestan við veginn rétt áður en hann beygir til vesturs niður Gjárnar að Kaldárseli norðan við Borgarstand sbr. kort sem fylgdi með erindi umsækjanda. Ráðgert er að stæðið geti verið fyrir allt að 55 bíla. Fyrirhugað bílastæði er staðsett á öryggissvæði fyrir brunnsvæði en friðlýsta svæðið er að hluta til innan vatnsverndarmarka. Hingað til hefur bílum verið lagt við Kaldá við mörk grannsvæðis og brunnsvæðis. Áætlaður verktími er 3 dagar og færi framkvæmdin fram sumarið 2018. Notuð verða vélknúin farartæki við framkvæmdina á bílastæðinu og munu 2 starfmenn koma að framkvæmdinni. Við framkvæmdina verður tekið tillit til hraundranga og landslags og verður umhverfisfrágangur eins vel útfærður og kostur er.

Áhrifamat:

Bílastæðið yrði staðsett alveg við mörk hins friðlýsta svæðis við veg sem liggur um svæðið. Nokkuð rask mun fylgja framkvæmdinni til skamms tíma. Til lengri tíma mun hún vera til þess fallin að stýra umferð um svæðið og minnka mengunarhættu á vatnsverndarsvæði. Umhverfisstofnun metur framkvæmdina því ekki til þess fallna að rýra verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdunum geti fylgt mengunarhætta á meðan framkvæmdunum stendur vegna umferðar vinnuvéla.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu bílastæðis inna náttúruvættisins Kaldárhraun og Gjárnar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k. viku fyrirvara áður en framkvæmdir hefjast og þegar þeim lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Þar sem farið er um áður óraskað svæði skal framkvæmdinni hagað með þeim hætti að rask af völdum framkvæmdarinnar verði minnkað eins og kostur er.
- Gæta skal sérstaklega að mengunarförnum véla og tækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Komi til mengunaráhapps á framkvæmdatíma t.d. leki hvers konar vökva frá vinnuvélum skal Umhverfisstofnun upplýst um það.
- Þess skal gætt að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í lágmarki og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt að verki loknu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Þess skal gætt að ekki verði truflun á dýralífi og fornminjum skal ekki raskað.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Leyfisgjald


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu leyfisumsókna skv. 92. gr. laga nr. 60/2013. Leyfisgjaldið er 39.400 kr. sbr. 24. gr, gjaldsrár fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.

Eftirlit


Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun bendir á að umrætt svæði er innan vatnsverndarsvæðis og framkvæmdin kann að vera leyfisskyld af hálfu heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar fyrir framkvæmdinni.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur